

Stjórnarfundur UMSB

Þriðjudagur 7. Maí 2013 kl. 19.00

Borgarbraut 61

Mættir: Aðalsteinn Símonarson, Sigurður Guðmundsson, Kristín Gunnarsdóttir, Hrönn Jónsdóttir og

Viðar Sigurjónsson frá ÍSí. Ásgeir Ásgeirsson mætti kl. 20.00

Þórhildur María og Sólrún Halla boða forföll.

Sigurður setur fund og býður Viðar velkominn. Viðar fer með umsjón yfir Fyrirmyndarfélagi ÍSí og fer yfir þau skilyrði sem félög og deildir þurfa að uppfylla til að fá heitið Fyrirmyndarfélag. Hann segir jafnframt frá því að enn sé ekki í raun í boði fyrir héraðssambönd að fá vottunina en það standi til bóta. Segir hann frá því að þegar hafi ÚÍA og UMFA óskað eftir því að fá vottun og því kalli hann til aðila úr þeim samböndum ásamt UMSB til að leggja til tillögur að því hvernig standa skuli að því. Hann lýsir yfir mikill ánægju með stefnumótun sambandsins og óskar stjórn til hamingju með stefnuna, hann er boðinn og búinn að aðstoða sambandi við að ná vottun ÍSí. –Viðar vikur af fundi

Sigurður les síðustu fundargerð og hún efnislega samþykkt

Styrkumsóknir: Skv. samningi við UMSB á að auglýsa fyrir 15. Mars starfsstyrki. Þetta hefur tafist af augljósum ástæðum en ákveðið að Hrönn sendi út auglýsingu á netfangalista og heimasíðu með umsóknarfrest þann 31. Maí. Mikilvægt er að hvetja öll félög til að sækja um styrki.

Héraðsmót: Engin félög hafa lýst áhuga á því að halda héraðsmót en samþykkt að Hrönn ýti við félögum.

Laganefnd: Aðalsteinn segir frá því að nefndin sé mönnuð af honum, Agnesi Guðmundsdóttur og Jóni Ásgeiri Sigurvinsyni. Þau hafi eki fundið sér sameiginlegan fundartíma enn þau stefni að því að hittast fyrir sumarið. Aðalsteinn óskar eftir því að fá erindisbréf fyrir nefndina til að skýra út hversu umfangsmiklar breytingar nefnin eigi að leggjast yfir.

Formannafundur: Ákveðið að hafa fund í fyrstu viku júní, þar á að kynna starfsstyrkjafyrirkomulag, nýjan framkvæmdastjóra ofl. Ákveðið að biðja Faxe um að halda fundinn og kynna um leið framkvæmdir í sambandi við Íslandsmót í Hestaíþróttum.

Ráðning framkvæmdastjóra: 16 sóttu um starf framkvæmdastjóra UMSB. Ákveðið að ræða við 6 umsóknaraðila. Sigurður og Kristín sjá um atvinnuviðtölin ásamt Þóri hjá Hagvangi.

Önnur mál:

Ásgeir stingur upp á því að stjórnarfundir verði víðar á sambandssvæðinu en bara í Borgarnesi og var vel tekið í þá hugmynd meðal stjórnarmeðlima.

Sam-Vest: Ákveðin dagskrá fyrir sumarið en hún verður kynnt síðar.

Vorfundur UMFÍ: haldinn á Húsavík, Hrönn og Kristín fara norður.

Umræður um óskir í húsnæðismálum.

Fundi slitið kl. 22.00

Fundargerð ritaði Hrönn Jónsdóttir